KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Samtök foreldra leikskólabarna
Furugrund 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 3. febrúar 2012
1112321/102.12 BH

Efni: Styrkbeiðni

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 2. febrúar var tekin til afgreiðslu styrkbeiðni Samleiks, ásamt meðfylgjandi umsögn sviðsstjóra menntasviðs.

Bæjarráð hafnar erindinu á grundvelli umsagnarinnar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Páll Magnússon
bæjarritari

KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogs

Kópavogi, 11. janúar 2012
*1112321/102.12 ABS*

Efni: **Umsókn Samleik um styrk frá Kópavogsbæ**

Í erindi til bæjarráðs Kópavogs í byrjun janúar 2012 óskar Samleik, samtök foreldra leikskólabarna í Kópavogi, eftir 300.000,- kr. styrk til starfsemi samtakanna.

Síðastliðin 3 ár, eða frá árinu 2009, hafa engir styrkir verið greiddir til sambærilegra félagasamtaka og Samleik. Í áætlun fyrir árið 2012 er ekki gert ráð fyrir fjármagni til slíkra styrkja.

Jafnræði þarf að ríkja um styrkveitingar af þessum toga. Við leggjum því til að bæjarráð hafni beiðni um styrkveitingu að þessu sinni.

Það skal tekið fram að menntasvið fagnar mjög stofnun Samleiks og lýsir sig reiðubúið til að styðja við starfsemi þeirra og markmið eins og kostur er, s.s. að útvega húsnæði til fundahalda.

Það er ánægjulegt að vettvangur hafi skapast fyrir aukið samráð og samskipti foreldra þessa aldurshóps barna í sveitarfélaginu. Hagur okkar allra er að eiga náið og gott samstarf um réttindi og hagsmuni barna í Kópavogi. Samstarf við samtökin hafa farið vel af stað og við vonumst til enn frekari eflingar þess.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri